Leikskólinn Aðalþing



Leikskólinn Aðalþing

Starfsáætlun 2025-2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

Formáli 3
Inngangur 3
Leiðarljós leikskólans 4
Mat á skólastarfi 5
Innra mat leikskólans 5
Ytra mat 6
Umbótaáætlun 9
Matsáætlun vegna skólaársins 2024-2025 10
Áherslur í starfi leikskólans 10
Foreldrasamstarf 12
Foreldraráð 13
Foreldrafélag 13
Starfsmannamál 13
Símenntunaráætlun 14
Skipulagsdagar og námsferðir 14
Aðrar upplýsingar 15
Fjöldi barna 15
Húsnæði og lóð 15
Ósk um viðhald skólaárið 2024-2025 15
Öryggismál 16
Fylgigögn 16
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun 16
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlu 17
Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal 18
Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs 18

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Skólaárið 2025–2026 markar áframhaldandi þróun og faglegt uppbyggingarstarf í leikskólanum Aðalþingi. Starfið einkennist af fagmennsku, sköpun og leik sem leiðarljósi í námi barna. Leikskólinn heldur áfram að byggja á hugmyndafræði Reggio Emilia og vinnur markvisst að því að efla lýðræðislegt, skapandi og þátttökumiðað námsumhverfi þar sem börn og starfsfólk vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Skólaárið 2024–2025 einkenndist af miklum breytingum og krefjandi tímum. Veikindi og andlát Harðar Svavarssonar, leikskólastjóra, höfðu djúp áhrif á skólasamfélagið okkar. Starfsfólk sýndi þó mikla samstöðu, seiglu og fagmennsku við að halda uppi stöðugu og gæðamiklu starfi á þessum erfiðu tímum, og á mikið hrós skilið fyrir þann styrk og samstöðu sem það sýndi.

Gerðar voru breytingar á fyrirkomulagi aðlögunar þar sem ákveðið var að taka inn helming barnanna í júní og hinn helminginn í ágúst. Þetta fyrirkomulag hefur gefist

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

einstaklega vel. Elstu börnin fengu góða aðstöðu í Vatnsendaskóla þar sem þau kláruðu leikskólagöngu sína – skipulag sem hefur reynst farsælt og mun halda áfram.

Á árinu var einnig unnið að fjölbreyttum þróunarverkefnum sem miða að því að styrkja faglegt starf, nýta gögn markvisst og efla lærdómssamfélagið. Meðal nýrra verkefna er þróun snjallmatskerfis sem nýtir gervigreind til að greina og vinna með gögn úr skólastarfinu. Verkefnið, sem hlaut styrk úr Sprotasjóði, gefur leikskólanum tækifæri til að verða leiðandi í notkun nýrrar tækni í leikskólum og stuðlar að gagnsærri og dýpri ígrundun á eigin starfi.

Starfsfólk leikskólans hefur sýnt mikla seiglu og fagmennsku á krefjandi tímum og lagt sig fram um að tryggja börnum öryggi, umhyggju og gæði í leik og námi. Foreldrakannanir sýna áframhaldandi mikla ánægju með starf leikskólans, traust til starfsfólks og ánægju með faglegt viðhorf og hlýlegt viðmót.

Framundan er spennandi starfsár þar sem áhersla verður lögð á að styrkja faglegt starf, efla samstarf og upplýsingaflæði, bæta námsumhverfi og nýta niðurstöður innra mats til umbóta. Starfsáætlun þessa árs endurspeglar metnað leikskólans Aðalþings til að veita börnum bestu mögulegu umönnun og menntun og að vera leiðandi afl í þróun leikskólastarfs á Íslandi.

Leiðarljós leikskólans

Starfið í Aðalþingi byggir á Aðalnámskrá leikskóla og hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá bænum Reggio Emilia á Ítalíu. Leiðarljós í leikskólastarfinu verða eftirfarandi þættir sem taldir eru vera hvað mikilvægastir í leikskólanámi, en þeir felast í að:

- Hvetja börnin.
- Mikilvægara sé að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með svörum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Hjálpa barninu að finna hvað veki áhuga hjá því, hvað því finnst skemmtilegt, þetta á að vera á forsendum barnsins ekki neinna annarra.
- Kenna barninu að takast á við hið óþekkta.
- Kenna barninu að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Kenna barninu að mikilvægasta umbunin er oft sú sem er í einu og öllu - í verkinu sjálfu.
- Kenna barninu að setja sig í spor annarra.

Mat á skólastarfi

Mat í leikskólanum þarf að uppfylla þau skilyrði, að vera kerfisbundið, altækt, opinbert, áreiðanlegt, greinandi og lýsandi og það verður að stuðla að samstarfi og umbótum. Mat verður líka að falla að þeirri starfsemi sem fyrir er og flokkast undir fasta þætti í starfi til að það festist í sessi og nýtist. Tilgangur mats er þríþættur; fylgjast með að ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir, auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum og loks að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar innra mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur, t.d. sveitarfélög eða ráðuneyti.

Aðalþing starfar eftir þjónustusamningi við Kópavog. Samkvæmt upphaflegum samningi var eitt meginmarkmiðið með rekstri leikskólans að „efla og auðga leikskólastarf í Kópavogi, með því að leita nýrra leiða til að auka nýbreytni og sveigjanleika í leikskólastarfi“. Allt frá opnum leikskólans hefur markvisst verið unnið að því að skólinn standi undir því markmiði, líkt og greina má víðar í þessari skólanámskrá.

Innra mat leikskólans

Í Aðalþingi eru gerðar uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda og myndbanda og ennfremur eru fundargerðir af fundum grundvöllur umbótamiðaðs mats. Á hinum ýmsu fundum þinga/deilda eru tekin fyrir mismunandi atriði í starfinu og rætt um það sem vel er gert, um það sem óskað er eftir að þróa og það sem betur mætti fara. Í kjölfar funda má búast við breytingum. Uppeldisfræðilegar skráningar eru hafsjór

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

upplýsinga sem hægt er að nota á mismunandi hátt, ein leið er að skoða þær með matsspurningar í huga. Matið er því símat sem er bæði umbótamiðað og samstarfsmiðað. Einnig eru framkvæmdar kannanir meðal foreldra í tölvutæku formi og á foreldrafundum, auk kannana á vegum bæjarfélagsins. Starfsfólk skólans hefur síðastliðin skólaár verið að þróa kerfisbundið innra mat, form sem notað verður í Aðalþingi næstu ár. Eftirfarandi fundir eru liður í matsferli skólans:

· Pedfundir; þar ræða kennarar og starfsfólk saman og meta leikskólastarfið út frá skráningum.

· Stjórnendafundir eru einu sinni í viku, – þar eru ákvarðanir teknar og endurskoðaðar af stjórnendum skólans, það er; þingforsetum, leikskólastjóra, viðbótarkennslustjóra, pedagogistu, yfirmatreiðslumanni o.s.frv.

· Þingforsetafundir; einu sinni í viku, - þá funda þingforsetar með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.

· Þingfundir/deildarfundir aðra hverja viku.

· Fundir viðbótarkennsluteymis aðra hverja viku.

· Fundir leikskólastjóra foreldraráðs Aðalþings.

· Fundir rekstraraðila.

· Starfsþróunarsamtöl verða dreifð yfir skólaárið.

· Sameiginlegir fundir síðdegis allra kennara og starfsfólks Aðalþings.

· Umhverfisteymi vinnur sérstaklega að umbótastarfi í átt að því að Aðalþing verði eiturefnalaus leikskóli.

Ytra mat

Fulltrúar frá Kópavogsbæ komu í desember 2024 í eftirlit með einka- og þjónustureknum leikskólum í Kópavogi. Breyting var á fyrirkomulagi viðtala frá því áður, en óskað var eftir því að tala einslega við þingforseta, sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

leikskólastjóra. Hvert viðtal var um 45 mín. að lengd. Spurningalistar sem lagðir voru fyrir voru einnig endurnýjaðir. Spurningalistinn sem lagður var fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra skiptist í níu þætti: Húsnæði og lóð, börn, starfsfólk, faglegur leiðtogi, faglegt starf, samvinna, matsaðferðir, stjórnun, skipulag og upplýsingastreymi og öryggsmál og heilbrigði. Spurningalistinn sem lagður var fyrir þingforseta skiptist í sjö þætti: Börn og starfsfólk, innra starf, samskipti, fjöltyngd börn, skólaþjónusta, samþætt þjónusta og faglegur leiðtogi. Einnig voru lagðir athugunarlistar fyrir þingforseta ásamt því að rætt var við þá um: dagskipulag, nýtingu á rými, aðgengi barna að leikefni og efnivið, aðgengi að spjaldtölvum og áherslur, samskipti við stjórnendur, samskipti starfsmanna, samskipti við börn, samskipti barna og samskipti við foreldra. Spurningalistinn sem lagður var fyrir sérkennslustjóra skiptist í fimm þætti: Börn, skólaþjónusta, samskipti/samstarf, samvinna við stofnanir og faglegur leiðtogi. Okkur bárust ekki athugasemdir að loknu þessu mati.

Í nóvember 2025 er áætlað að fulltrúar skólaskrifstofu komi aftur í þetta árlega eftirlit. Unnið verður að úrbótaáætlun í kjölfarið ef athugasemdir berast í kjölfar matsins.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsfólk í febrúar 2025. Helstu niðurstöður:

1 Faglegt starf og námsumhverfi

Starfið einkennist af fagmennsku, sköpun og leik sem leiðarljósi í námi barna. Áhersla er á félagsfærni, sjálfstæði og virka þátttöku. Kennarar nýta fjölbreyttar aðferðir og sýna faglegt viðhorf til kennslu og leiðsagnar barna. Málörvun og læsisvinna eru vel samþætt í daglegu starfi og sýna gögn fram á góðar framfarir barna í tjáningu og orðaforða. Bæta þarf námsumhverfið inni á deildum þannig að það styðji betur hreyfiþroska barna. Vinna þarf markvisst að því að gera útiveru barnanna á leikskólalóðinni innihaldsríkari.

2 Börn og vellíðan

Vellíðan barnanna er almennt mikil. Börnin eru glöð, örugg og sýna virka þátttöku í leik og starfi. Starfsfólk leggur áherslu á jákvæð samskipti, samkennd og virðingu. Foreldrar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

lýsa mikilli ánægju með umhverfi og líðan barna sinna og telja þau njóta sín vel í leikskólanum.

3 Foreldrasamstarf

Samskipti við foreldra eru fagleg og byggja á gagnkvæmu trausti. Foreldrar fá reglulegar upplýsingar um starf deildanna og þroska barna. Ábendingar lúta að því að styrkja mætti einstaklingsmiðað upplýsingaflæði og skapa formlegra samtal um framfarir barna yfir árið. Einnig kom ábending um að auka mætti foreldrasamstarfið.

4 Starfsánægja og innra starf

Starfsánægja er mikil og samstarf gott innan leikskólans. Starfsfólk upplifir virðingu, stuðning og opin samskipti. Áhersla er á símenntun og faglega umræðu, en tímaskortur takmarkar stundum möguleika til markvissrar starfsþróunar.

5 Stjórnun og skipulag

Skipulag leikskólans er skýrt og faglegt. Stjórnendur styðja við faglegt starf og leggja áherslu á jafnræði, samvinnu og gæði. Samræma þarf enn frekar verkferla og upplýsingaflæði milli deilda til að tryggja samfellu í starfi. Bæta má upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra í mars 2025. Helstu niðurstöður:

1 Almenn ánægja foreldra

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starf leikskólans. Þeir lýsa trausti til starfsfólks og telja að börnin þeirra njóti sín vel í leikskólanum. Mikil ánægja er með hlýlegt viðmót, faglegt starf og áherslu á leik sem námsleið. Foreldrar telja það jákvætt að börnin fái að taka virkan þátt í leik og daglegu starfi.

2 Samskipti og upplýsingaflæði

Foreldrar telja samskipti við starfsfólk almennt góð og byggð á gagnkvæmu trausti og virðingu. Upplýsingar um daglegt starf og viðburði eru aðgengilegar og regluleg samskipti

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

eiga sér stað í gegnum samtöl, Völu-kerfið og fréttabréf. Nokkur hluti foreldra bendir þó á að bæta megi einstaklingsmiðaðar upplýsingar um þroska og framfarir barna. Bæta megi samskipti í gegnum Völuna. Foreldrar vilja einnig fá betri innsýn í markmið og áherslur leikskólans yfir árið.

3 Þátttaka og samstarf

Foreldrar lýsa vilja til að taka virkan þátt í starfi leikskólans, svo sem með þátttöku í viðburðum og verkefnum. Leikskólinn hvetur foreldra til samvinnu og þátttöku, en í niðurstöðum kemur fram að styrkja mætti skipulag og eftirfylgni með sameiginlegum verkefnum, til dæmis í foreldrafélagi og samstarfi við starfsfólk.

4 Traust og faglegt viðhorf

Foreldrar bera mikið traust til starfsfólks leikskólans og telja að faglegt viðhorf, umhyggja og jákvætt viðmót skapi öruggt og hlýlegt námsumhverfi. Þeir meta það sérstaklega að börnin fái stuðning við félagsfærni, sjálfstæði og vellíðan. Traust og samskipti við stjórnendur eru einnig almennt talin mjög góð.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum mats og tillögum starfsmanna til úrbóta. Sjá fylgiskjal 1.

Áherslur næsta starfsárs munu beinast að því að efla faglegt starf og styrkja faglega þróun starfsmanna. Helstu umbótaverkefni skólaársins 2025-2026

- Málörvun og læsi: Uppfæra mál- og læsisstefnu og aðlaga að þeirri þróun sem unnið er að miðlægt innan sveitarfélagsins.
- Starfsþróun: Skipuleggja reglulegan tíma til símenntunar og faglegrar umræðu innan deilda og þvert á leikskólann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Innra mat og skráning: Þróa áfram kerfi til skráningar á faglegu starfi og nýta niðurstöður markvisst í umbótavinnu. Unnið verður þróunarverkefni um nýtingu gervigreindar við innra mat skólans.
- Samskipti og upplýsingamiðlun: Efla upplýsingaflæði til foreldra með fjölbreyttum miðlum og tryggja regluleg einstaklingsmiðuð samtöl. Unnið verður að endurgerð heimasíðu leikskólans. Unnið verður að bættu upplýsingaflæði til starfsmanna. Settur verður upp Microsoft 365 aðgangur fyrir allt starfsfólk og útbúin rafræn vinnusvæði fyrir leikskólann. Unnið verður að gerð starfsmannahandbókar.
- Námskrá: Unnið verður að uppfærslu námskrár Aðalþings.
- Útivera: Áfram verður unnið með útinámið sem sett var af stað á síðasta skólaári þar sem áhersla er lögð á að börnin kynnist þeirri ósnertu náttúru sem er í nágrenni skólans. Sérstök áhersla verður á að bæta útiveru innan leikskólalóðarinnar.
- Foreldrasamstarf: Vinna að því að efla þátttöku foreldra í leikskólastarfi með markvissum hætti í samstarfi við foreldraráð og foreldrafélag.

Matsáætlun vegna skólaársins 2025-2026

Mat fer fram með sama hætti og verið hefur. Í Aðalþingi eru gerðar uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda og myndbanda og ennfremur eru fundargerðir af fundum grundvöllur umbótamiðaðs mats. Matið er skipulagt og kerfisbundið símat. Á skólaárinu verður unnið í að finna leiðir til að gera fyrirkomulag og niðurstöður mats aðgengilegri bæði starfsfólki og foreldrum.

Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur í starfi leikskólans eru þær sömu og verið hefur en einnig verður unnið að eftirfarandi þróunar og nýbreytnistarfi:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Snjallmatsferli – AI sem styður þróun leikskóla: Aðalþing hlaut styrk úr Sprotasjóði 2025, til að þróa nýtt innra matskerfi sem nýtir gervigreind (AI) til að greina og vinna með gögn úr skólastarfinu. Verkefnið miðar að því að dýpka skilning á starfinu og styðja við ígrundun starfsfólks með því að greina mynstur í starfsháttum og tengja þau við námskrár og stefnu skólans. Markmiðið er að byggja á þeim gögnum sem leikskólinn safnar nú þegar, einkum vikulegum póstum deilda, og þróa greiningartól sem nýtist starfsfólki í daglegu starfi án þess að auka álag. Með því að nýta gervigreind, ekki aðeins til að flokka gögn heldur einnig til að varpa fram lykilspurningum og sýna fram á tengsl við námskrár, skapast öflugur grunnur fyrir markvissari ígrundun og þróun skólastarfsins. Með þessum styrk fær Aðalþing tækifæri til að vera í fararbroddi í notkun nýrrar tækni við innra mat í leikskólastarfi og leggja grunn að aðferðum sem hægt verður að miðla til fleiri leikskóla á landinu. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Kristínu Dýrfjörð dósent við Háskólann á Akureyri og Guðrúnu Öldu Harðardóttur, doktor í leikskólafræðum, sem ásamt stjórnendum í Aðalþingi leiða verkefnið.
- Atelier: í mótun er nýtt starf, starf Atelieristu sem mun innleiða Atelier inni á öllum deildum og halda utan um starfsfólk við þau verkefni. Atelier er ein af kennsluleiðum Reggio Emilia hugmyndafræðinnar, en hún er spennandi leið til að uppgötva, prófa og læra. Sett er upp “Atelierstöð” með efnivið sem vekur áhuga barnanna, auðveldar skapandi tjáningu barnanna og hjálpar þeim að líta á list sem eitt af hundruð tungumálum Loris Malaguzzi. Uppsetningin kallar það fram að börnin nýti flest skynfærin við að upplifa, rannsaka, fá svör og spyrja spurninga. Verkfæri sem við nýtum við vinnuna eru t.d. víðsjár, ljósaborð, ilmlampar, stækkunargler, vasaljós og ýmislegt fleira.
- Stilla: Áframhaldandi þátttaka í þróunarverkefninu Stilla, um hæglátt leikskólastarf. Aðalþing hefur verið þátttakandi í Stillu ásamt þremur öðrum leikskólum sem og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur, Kristínu Dýrfjörð, Dr. Alison Clark og Dr. Kari Carlsen. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa hæglátt leikskólastarf og dýpka þannig þekkingu og skilning á upplifun barna á tíma í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

leikskólum og tilgangur þess er að auka þekkingu starfsfólks og barna á námi barna og þeim tíma sem börn þurfa til að kanna heiminn og prófa hugmyndir sínar í daglegu starfi í leikskóla. Á skólaárinu verða áframhaldandi leshringir og síðdegisfundir, en einnig verður verkefnið kynnt á Menntakviku 2025 og á ráðstefnu vorið 2026.

- How is food a learning process? Áframhald af rannsóknarverkefninu Child is nature, sem unnið var í samstarfi við Panta Rei og Pause á Ítalíu. Verkefnið er rannsóknarverkefni með þátttökuskólum frá Brasilíu og Ítalíu. Markmiðið með verkefninu er að gera námskrá um mat og matarmenningu í leikskólum. Verkefnið hefst í október 2025 og lýkur í október 2026.

Foreldrasamstarf

Í Aðalþingi hefst foreldrasamstarfið með fyrsta bréfi sem staðfestir að barnið muni hefja leikskólagöngu í leikskólanum. Í bréfinu er greint frá einu meginmarkmiði skólans sem er að í Aðalþingi fái barnið þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. Foreldrum er reglulega bent á að láta stjórnendur vita ef þeir telja að fyrrgreint markmið sé ekki uppfyllt. Áður en barn hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar boðaðir í fyrsta foreldrasamtalið, en reglubundin formleg samtöl eru tvisvar á skólaári, eitt að hausti og annað að vori, einnig geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir sérstöku samtali við kennara og/eða stjórnendur skólans. Markmið foreldrasamtala er að foreldrar og kennarar ræði um skólastarfið; nám og líðan barnsins. Kennarar í Aðalþingi hafa þróað eyðublöð sem notuð eru í foreldrasamtölum. Viðbótarkennslustjóri er með í foreldrasamtölum bæði hjá þeim börnum sem eru í 3-4 flokki og börnum leikskólans þar sem óskað er eða þörf er á frekari ráðgjöf til foreldra. Áður en barnið hefur leikskólagöngu sína eru foreldrar þess boðaðir á kynningarfund þar sem skólastarfið í Aðalþingi er kynnt og þeim bent á leiðir til að gagnrýna skólastarfið. Aðferðin sem notuð er við upphaf skólagöngu hvers barns í Aðalþingi nefnist þátttökuaðlögun, foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í leikskólastarfinu. Í Aðalþingi er starfandi foreldrafélag svo og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

foreldraráð, sem hefur sett sér starfsreglur. Meiriháttar breytingar á skólastarfi Aðalþings eru lagðar fyrir foreldraráðið. Kannanir hafa verið gerðar meðal foreldra, þær hafa ýmist verið framkvæmdar af stjórnendum skólans eða fyrirtækinu Skólapúls og unnið hefur verið að endurbótum miðað við niðurstöður kannananna. Foreldrar fá vikulega gögn um líðandi skólastarf, foreldrar og börn rýna gögnin sameiginlega, þannig gefst barni tækifæri á að rifja upp og meta hvað það hefur lært. Í Aðalþingi hefur verið unnin handbók fyrir starfsfólk um foreldrasamstarf.

Foreldraráð

Lögum samkvæmt starfar foreldraráð við skólann. Meiriháttar breytingar á skólastarfi Aðalþings eru lagðar fyrir foreldraráðið. Skólastjóri beitir sér fyrir kosningu í foreldraráð í september ár hvert og situr suma fundi með því samkvæmt samkomulagi. Óskað var eftir framboðum eða tilnefningum í ráðið og gáfu tveir kost á sér. Frambjóðendur teljast sjálfkjörnir. Í foreldraráði sitja: Katla Lovísa Gunnarsdóttir og Eyrún Viktorsdóttir.

Foreldrafélag

Við skólann er öflugt foreldrafélag sem beitir sér fyrir ýmsum félagslegum viðburðum fyrir börnin og fjölskyldur. Gott samstarf er við foreldrafélagið og hefur skólinn annast innheimtu félagsgjalda fyrir foreldrafélagið undanfarin ár.

Stjórn Foreldrafélagsins 2025 - 2026 er þannig skipuð: Katla Lovísa Gunnarsdóttir, formaður, Eva Sóley Guðjónsdóttir, Ágústa Jónasdóttir og Jón Ágúst Guðmundsson.

Starfsmannamál

Samkvæmt lögum skal hlutfall kennara af starfsmannahópi leikskóla vera 66% eða tveir þriðju hlutar starfmanna sem sinna börnum vera kennarar. Árum saman hefur Aðalþing uppfyllt þetta skilyrði laganna og samkvæmt nýjustu gögnum eru kennarar 73% af

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

starfsmannahópnum. Þetta hlutfall breytist lítillega milli mánaða en Kópavogsbær fær mánaðarlega upplýsingar um stöðuna.

Símenntunaráætlun

Símenntun er aðallega skipulögð og sótt til háskólanna á Íslandi (sjá fylgiskjal 2) en umfangsmikil símenntun fer einnig fram á fagfundum sem ganga undir nafninu Pedfundir eins og greint er frá hér að framan.

Skipulagsdagar og námsferðir

Samkvæmt reglum Kópavogsbæjar eru skipulagsdagar 5 á ári en 6 fjórða hvert ár. Samkvæmt þjónustusamningi við bæinn skulu skipulagsdagar vera á sömu dagsetningum og í grunnskólum hverfisins eins og kostur er. Skipulagsdagar eru nýttir til endurmenntunar og skipulags eftir þörfum. Undanfarin ár hefur starfsfólki tekist að kosta námsferð á vorin til skóla erlendis. Þær ferðir hafa leitt af sér einstakt samstarf í skólaþróun og rannsóknarsamstarfi. Dagsetningar skipulagsdaga og annara viðburða eru tíunadaðar í skóladagatali.

Skipulagsdagar verða 6 talsins á skólaárinu 2025-2026:

1. september: Starfsmannafundur, endurmat, ofl.

12. nóvember: Þróunarverkefni - Stilla og Reggio. Matstofan. Fyrirlestur frá Kvan.

19. janúar: Unnið að mál - og læsisstefnu.

10. mars: Gervigreindarverkefni. Innra mat.

13. og 17. maí: Námsferð til Mílanó. Unnið að rannsóknarverkefni um mat í samstarfi við Panta Rei. Vinnustofur, leikskólaheimsóknir og fyrirlestrar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í skólanum eru 116 börn, 62 stúlkur og 54 drengir, skráð með vistun skólaárið 2025-2026.

Húsnæði og lóð

Eignadeild umhverfissviðs Kópavogsbæjar gerði úttekt á húsnæði skólans árið 2023. Niðurstaða úttektarinnar var að húsnæðið væri í góðu ástandi, vel við haldið og snyrtilegt. Fituskilja var sett upp sumarið 2025. Epoxy gólf á starfsmannasalerni var lagfært sem og misfella í gólfi í eldhúsi. Frágangur á rakasperrum var lagfærður haustið 2025. Loftræsing skólans lá niðri í nokkra mánuði vor/sumar 2025 á meðan unnið var að viðgerðum. Það hafði mikil áhrif á loftgæði skólans.

Ósk um viðhald skólaárið 2025-2026

Óskir um viðhald eru unnar í samráði við eignadeild sveitarfélagsins, forstöðumann þess og iðnaðarmenn. Viðhald á skólanum er gott og samstarf um viðhaldið hefur einnig verið einstaklega lipurt.
Endursmíða þarf sandkassa en því hefur verið frestað ítrekað í fimm ár. Trjábeð þarf að vinna upp í sómasamlegt horf, sérstaklega við nágrenni við hliðið inn í garðinn. Ákveðið var af eignadeild að skipta út lýsingu og setja led ljós í stað halogen lampa á árinu 2024, það er mikilvæg og þörf framkvæmd sem við óskum eftir að verði farið í á skólaárinu.
Við framkvæmdirnar við uppsetningu fituskilju var pallurinn styttur töluvert. Óskað er eftir því að sett verði upp afgirt ungbarnasvæði í samráði við leikskólann, á því svæði sem pallurinn er sem myndi einnig ná að útidyrahurð yngri deilda. Á lóðinni er aðeins ein ungbarnaróla og á pallinum er mikið notuð en illa farin rennibraut fyrir yngri börnin. Það er því mjög mikilvægt að bæta leiktækjakost fyrir yngstu börnin. Óskað hefur verið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

eftir úrbótum á brúnni, en eftir að handrið hennar var fjarlægt hefur skapast slysahætta vegna kantsins sem eftir er. Bæta þarf jarðveg í beðin og einnig matjurtagarðinn í bakgarðinum.

Óskað hefur verið eftir viðgerðum á skemmdum í vegg í undirbúningsherbergi og hurðum í miðrými skólans.

Óskað er eftir því að komist verði að upptökum ólyktar sem hefur verið viðvarandi vandamál frá opnun skólans eftir sumarfrí.

Í foreldrakönnun kom fram að foreldrar óski eftir stærri fatahólfum fyrir börnin.

Öryggismál

Við skólann starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi í samræmi við lög. Rýmingaráætlanir og helstu verkferlar eru skýrir. Handbók um öryggi og velferð er kynnt starfsfólki árlega. Eftirfarandi öryggisáætlanir eru einnig fyrirliggjandi og aðgengilegar; Áætlun um öryggi og heilbrigði varðandi einelti, ofbeldi, kynferðislegs- og kyndbundins áreitis, Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum, Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefndar.

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið
Skipulag Tónlist, bækur, leikur	Að það starf sem listgreinakennari sinnirsamþættist betur starfi deilda	Fundir Nýtt skipulag ákveðið	Beinagrind verði tilbúin 28.10.2024	Stjórnendur / listgre.kenn	Stjórnendafundir / Pedfundir	Niðurstöður stjórnendafunda og Pedfunda
Náttúrunám	Börnin kynnist þeirri ósnertu náttúru sem er í nágrenni skólans	Tiltekinn kennari tekur að sér daglegar ferðir út fyrir lóð	Ágúst 2024 til	Steinunn, deildarstj., stjórnendur	Stjórnendafundir / Pedfundir	Niðurstöður stjórnendafunda og Pedfunda

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skólanámskrá	Uppfærsla	Yfirferð og endurritun	Ágúst 2023 til september 2026	Stjórnendateymi	Stjórnendafundir / Pedfundir/ Skipulagsdagar	Allir verði sáttir
Stefna Aðalþings um mál og læsi	Uppfærsla	Uppfært til samræmis við ný gögn og nýja stefnu sveitarfélagsins	Skólaárið 2025-2026	Stjórnendateymi	Stjórnendafundir / Pedfundir/ Skipulagsdagar	Endurskoðuð stefna verði gefin út á vef

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
H.E., A.B.A.,	Fomlegt Háskólanám	Símenntun	Haust 25 til vor 26	14-25 klst á viku	Kosnaður felst í afleysingum og er breytilegur.	H.E., A.B.A.,
W.M.		Símenntun	1. – 29. September 2025	168 klst	Kosnaður felst í afleysingum og er breytilegur.	W.M.
Þedfundir (fagfundir)	Símenntun	Viðhalda lærdómssamfélagi og tryggja lýðræðislega starfshætti	Haust 25 til vor 26	4 tímar á viku X þáttakendur	Felst í föstum launa-kostnaði	Stjórnendur

Allt starfsfólk	Kvan	Samskipti og samstarf	Nóvember 2025	2 klst.	170.000 kr.	Stjórnendur
Nýtt starfsfólk	Matstofukynning	Stöðugleiki	Haust 25 til vor 26	10	Felst í föstum launa-kostnaði	Stjórnendur
Allt starfsfólk	Barnaheill	Fræðsla um kynferðisofbeldi gegn börnum	15. október 2025 kl. 20	2 klst	Foreldrafélagið býður starfsfólki	Stjórnendur

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal

Skóladagatal liggur fyrir á
https://www.adalthing.is/static/files/skoladagatal-2025-2026.pdf

Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026